

Fundargerð 16. apríl 2019.

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 16. apríl 2019, klukkan 17:15.

Allir aðalmenn mættir auk þess Ragnar Jóhann Jónsson endurskoðandi frá Deloitte. Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur Tjörneshrepps 2018.
Ragnar fer yfir ársreikninginn.
Rekstrarniðurstaða – 40.081.553
Eignir – 91.919.336
Skuldir – 4.266.706
Ársreikningur samþykktur og undirritaður
2. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar.
Umsækjanda falið að fá skriflegt leyfi allra nágranna fyrir byggingunni á Héðinshöfða 2.
3. Hitaveita Tjörneshrepps.
Oddviti fer yfir stöðuna í hitaveitumálum.
4. Aðalfundur Hjörness.
Samþykkt að aðalfundur Hjörness hef verði 27. maí.
5. Jafnréttisstefna Tjörneshrepps 2019
Jafnréttisstefna Tjörneshrepps var samþykkt og undirrituð að tillögu Jafnréttisnefndar.
6. Frá atvinnuveganefnd Alþingis. Umsögn um frumvarp til laga um dýrasjúkdóma ofl (Innflutningur búfjárafurða, 766 mál.).
Hreppsnefnd Tjörneshrepps lýsir yfir vonbrigðum sínum með framkomið frumvarp um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og mótmælir því harðlega. Matvælaöryggi og lýðheilsa eru þar látin mæta afgangi. Hreppsnefnd hvetur íslensk stjórnvöld til að fara þess á leit að ESS samningurinn verði endurskoðaður með það að markmiði að fá undanþágu frá reglum Evrópusambandsins vegna sérstöðu Íslands. Samningurinn er auk þess orðin gamlall og fjölmörg önnur ákvæði sem ástæða er til þess að endurskoða og uppfæra.
7. Erindi frá Tónsmiðjunni.
Hreppsnefnd telur sér ekki fært að verða við erindinu að svo stöddu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið 18:10.

Katý Bjarnadóttir
Aðalsteinn J. Halldórsson
Sveinn Egilsson
Smári Kárasón
Jón Gunnarsson